

Reykjavík, 30. mars 2021

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018

UMFÍ er málsvari þess að tryggja öryggi og vellíðan barna og ungmenna í allri starfsemi og það á jafnt við um skólastarf en einnig íþróttastarfsemi og annað frístunda- og æskulýðsstarf.

UMFÍ tekur undir þær breytingar sem boðaðar eru og hvetur til þess að þær verði samþykktar.

UMFÍ leggur hins vegar til að gengið verði lengra og þær almennu breytingar sem lagðar eru til á lögum um grunnskóla verði einnig bætt við íþróttá- og æskulýðslög svo að t.d. íþróttafélögin geti með skýrari heimild unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar iðkenda sinna. Dæmi um það eru viðkvæmar persónuupplýsingar um ofnæmi og lyf sem geta verið nauðsynlegar í tengslum við mótahald og ferðir.

Nýlega var bætt við íþróttalög kröfur um þá sem koma að starfinu til samræmis við þær kröfur sem áður voru í æskulýðslögum. Sambærilegar kröfur voru einnig í öðrum lögum sem snúa að börnum. Nú er lag að setja þetta inn í öll lög samtímis í stað þess að bæta því síðar í íþróttalög og/eða æskulýðslögin.


Að þessu sögðu mælum við einnig með því að leiðin til að afla upplýsinganna sem heimild er fyrir verði gerð greiðari. Þar er nærtækast að nefna sem dæmi að sakavottorð þeirra sem hafa umsjón með börnum verði rafræn og að íþróttafélögum verði gert einfaldara um vik að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögnum.

Saman erum við öll betri

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 28 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 7 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ. Stór meirihluti félagsmanna eru börn og ungmenni og því lykilatriði að tryggja öryggi þeirra.

Forsvarsfólk UMFÍ og ungmennaráð UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ